

TENINGURINN ÞORLÁKUR BISKUP OG UMBREYTING HEILAGS ANDA

Getur jörðin verið teningur?

Já, sögðu meistarar endurfæðingar tímans, þeir töldu jörðina vera bæði hnött og tening.

Sólin er um 5 milljarða ára gömul og þvermál hennar um 1.392.000 km. Um hana snúast plánetur sólkerfisins, þ.m.t. Jörðin á sporbaugi sínum í u.þ.b. 149.600.000 km fjarlægð, sem eru 108 þvermál sólar. Það vill svo til að sporbaugur jarðar er á lífhvolfi sólar og það skýtna við það er að hlutfallið er endurtekið í mældum vegalengdum heimsmynda sem tengjast trúarbrögðum mannkyns á jörðinni. Um svipað leiti og mannveran tók að rísta tákni á hellaveggi stikaði hún heimsmynd sína í landið, heimsmyndin var í hlutföllum sporbaugs jarðar um sól, þvermálið var hugmyndafræðileg dagleið manns.¹ Á langri vegferð reyndist mannum happadrjúgt að læra á veröldina með því að stika hana í samræmi við tíma og segja munnmælasögur aftur og aftur sem urðu goðsögur. Samkvæmt vef hugmynda sem raktar eru í þessu bréfi er við hæfi að mannkyn reki rætur sínar að miðbaug jarðar 3 milljón ár aftur í tímann.

Þorlákur biskup Þórhallsson hinn helgi fæddist á Hlíðarenda í Fljótshlíð árið 1133. Í sögnum um Þorlák eru merkileg tákni og tölvísi sem tengjast rannsóknum undirritaðs og Einars Pálssonar á hlutföllum í mældum heimsmyndum fornaldar. Þekking þar að lútandi virðist hafa verið leyndir dómar höfðingja.

Ungur að árum gekk Þorlákur í munkareglu Ágústínusar og tók sínar fyrstu vígslur. Hann nam í París og einnig í Lincoln á Englandi og varð útivist hans sex ár, þá prýor í Kirkjubæ önnur sex ár. Hann var valinn til biskups í Skálholti og gengdi því embætti a.m.k. í fimmtán ár. Þorlákur andaðist 23. desember 1193 sextugur að aldri. Árið eftir lýsti Páll biskup Jónsson því yfir á Alþingi að leyfilegt væri að líta á Þorlák sem helgan mann. Um líkamsleifar Þorláks var smíðað Þorláksskrín, það stóð lengi yfir háaltari dómkirkjunnar í Skálholti og var talið verðmætasti gripur á Íslandi. Til verksins var fenginn hagastur gullsmiður í landinu, Þorsteinn Skeggjason, norðan úr Öxnadal og lagðist þar til ógrynni fjár í gulli, gimsteinum og í brenndu silfri.²

Þorlákur er dýrlingur íslensku þjóðarinnar, það var hins vegar ekki staðfest af Stjórnardeild sakramenta og guðsdýrkunar í Páfagarði fyrir en í janúar 1984. Stofnun sakramentismála er rakin til Krists ýmist beint eða óbeint gegnum postulana. Ekki er hægt að segja að rísandi stjarna Þorláks innan kirkjunnar hafi farið línulega beint né erindið til dýrlingatölu gengið snuðrulaust. Sumsstaðar er sagt að það hafi verið pólitísk ráðstöfun embættismanna kirkjunnar að taka Þorlák í dýrlingatölu. Í öllu falli tók það sinn tíma að fá úrlausn erindisins hjá stofnuninni, en tæp 800 ár er sennilega met. Árið 1984 var staðfest með samþykki Jóhannesar Páls II. páfa að Þorlákur helgi væri verndardýrlingur Íslands.

Þegar kirkjan stálpaðist var Þorlákur talin best til þess fallinn að gegna biskupsembætti af prestum á Íslandi. Eftir daga Klængs forvera hans í embætti, sem talinn var „lausgirtur og heilsulaus, var leitun að öðrum eins reglumanni guðs og sönnu biskupsefni sem þekktur var fyrir guðhræðslu og innblásnar trúarathafnir“. Þó alheilagt væri með Þorláki, tengdist hann tölunni 6 6 6 og hugmynd tenings með sérstökum hætti. Í heilagleika hans fannst nefnilega teningur líkt og fannst í Pétri í Jóhannesarguðspjalli 1:42., þar sem Kristur nefndi hann Kephas, teninginn 9 9 9.³ Því var trúað í frumkristni suður í Róm að teningur væri uppspretta allra talna og forma. Ítalir endurfæðingartímans trúðu því að guð væri dýrkaður í öllum hofum með staðfestu tenings.⁴

Á herðum Þorláks hvíldi framkvæmd tíundarlaga oft í óþökk landeigenda. Við hann er kennd Jarðabók sem staðfesti fasteignir guðs á jörð og tryggði kirkjunni tíund af

hverri lóð. Andi guðs þurfti manifestó, oblátan var jú brauð og blóð krists var vín. Í ljósi baráttu Þorláks við höfðingja má leiða að því líkum að í tákmynd Þorláks á framhlið Niðarósdómkirkju, er það hugsanlega uppeldisfaðir hans, Jón Loftsson, fulltrúi höfðingja, sem Þorlákur kremur undir táknrænum ferningi hinns guðlega valds. Með Jarðabók eignaðist kirkjan lóðir og fasteignir sem gerðu henni kleift að verða stofnun, ekki lausaleiksbarn höfðingja.⁵

Teningur

Í Súmer fyrir um fimm þúsund árum var upphaflegt hugtak guðs, Ea, táknað með tölunni 4. Það má ímynda sér að fyrstu reiknilíkön mannsins hafi verið fingur handa og steinvölur sem raðað var í sandinn. Fyrsta steinvalan var hinn fyrsti punktur, einskona andleg eind hins fyrsta. Seinni steinvalan myndaði línu, sú þriðja myndaði þríhyrndan flöt. Fjórða steinvalan myndaði ferhyrndan flöt. Hugtak ferhyrnings varð til í mannshuga sem skynjaði veröldina líkt og hinn fyrsti maður, frumeindin 1, í afmörkuðum heimi. Margvísleg reiknilíkön mótuðust, elstu letur tákn Hebraea voru tölustafir og tölur urðu tákn. Leturtákn Genesis eru með þeim elstu í veröldinni, upphaflega voru þau tölutákn.⁶

Frumformið teningur er sexhliðungur. Í táknafræðinni ber hann því töluna 6, sem stundum er notuð í þriðja veldi sem rúmmál tölunnar 6, og táknar efnið í veröldinni, $6 \times 6 \times 6 = 216$. Talan 216 með eða án núlla var talin sköpunartala í fornum vísindum. Sexhliða teningur er einnig tákn Karbons í efnafræði sem er grundvallarefni lífs eins og við þekkjum það. Hver hlið þessa einfalda frumforms hefur fjögur 90 gráðu horn, margfölduð saman mynda þau töluna 2160 ($90 \times 4 \times 6$). Hugmynd fernings/tenings var mæld inn í heimsmyndir sem hornsteinn hennar, því bar hann í sér tölu hrings 360. Til marks um hve áriðandi þótti að mæla grunnflöt teningsins af mikilli nákvæmni yfir holt og heiðar í fornum heimsmyndum má sjá í bókinni Stærð veraldar og í bókum Einars Pálssonar RÍM. Teningurinn Cubus Perfectus, títt nefndur í Landnámu Hauks Erlendssonar, gefur engin grið. Má ætla að hugtak hans orðið til í mannshuga sem skynjaði veröldina, þurfti að átta sig í víðsjárverðum heimi líkt og sá sem þurfti að stíga ölduna á yfirborði jarðkúlu sem snýst í hringferlinu ógurlega. Hinn fyrsti maður, –frumeindin 1, í hringnum. Hvort, eða hvernig sem menn orðuðu slíkar hugmyndir, skipti formið máli.

Nú vindur sögunni fram. Þegar sagan er sögð hefur hún flokkaði allt í kerfi, skrifarinn hefur áhrif á framtíðina með skrifum sínum. Í Þjóðskjalasafni Kaupmannahafnar er gamalt íslenskt stærðfræðirit skrifað í Viðeyjarklaustri á fyrsta áratug 14. aldar. Stærðfræðikafli Landnámu er lítið kver, Algorismus, sem fylgdi Landnámu Hauks Erlendssonar sem eins konar kennslubók í stærðar- og flatarmáls útreikningum, uppistaða þess er tölvísi teningsins Cubus Perfectus. Þar er að finna mikilvægar upplýsingar um tölvísi, hlutföll, og heimspeki íslenskra fornanna. Algorismus er elsti stærðfræðitexti sem til er á norrænu máli, hann er elsta dæmi um að norrænir menn hafi þekkt arabísku tölustafina sem þá voru nýkomnir til Evrópu. 17. grein Algorismusar segir: „Hver ferskeytt tala hefur tvöna mælingu, það er breidd og lengd, en cubicus numerus hefur þrenna mælingu, það er breidd, lengd og hæð; og því kalla spekingar hvern sýnilegan líkama með þessum tölum saman settan, að hann hefur ávallt þessar þrennar mælingar. Með því at eilíf speki og einn guð vildi heiminn sýnilegan og líkamlegan skapa, þá setti hann tvær hinar yztu höfuðskepnur, eld og jörð, þvíat ekki má náttúrulega sýnilegt vera utan þær, þar sem eldr gerir ljós og hræring, en jörð staðfesti og hald“. Í Algorismusi er teningur nefndur Jörð og að „jörð veiti staðfesti og hald“. Á síðustu síðu Algorismusar var fígúran teningurinn 6 teiknuð og nefnd „Cubus Perfectus“, sú síða er nú glötuð sem kemur ekki að sök því „við

vitum hvað Flórentínar, Ágústínus kirkjufaðir og Súmerarnir fornu nefndu „fullkominn tening,“ það var sá sem byggður var á hliðinni 6 - 216 eða 216.000. Sjálf nafngiftin Cubus Perfectus í Hauksbók innsiglar þá staðreynd að í öðru mikilvægasta handriti Landnámu þótti sá Teningur merkilegastur.“⁷

Annað gamalt handrit, eitt það elsta á Íslandi, er einnig um tening, teninginn Þorlák. Í riti Stofnunar Árna Magnússonar, Gripla XXI 2010, er vönduð grein um handritið; *The forgotten Poem. A Latin Panegyric for Saint Þorlákr in AM 382 4 to*, eftir Gottskálk Jensson sérfræðing í latínu og Susane M. Fahn, sérfræðing í Norrænum fræðum. Um er að ræða svo kallaða B-gerð Þorlákssögu helga, merkt; AM 382 4to. Skinnið hefur verið óvarið í langan tíma og er mjög illa farið, krumpað og myglað. Margar síður þess eru svartar og götöttar, sumar ónýtar og margar týndar, sumar skornar úr bókinni og ekkert eftir nema mjóar ræmur inn við kjölinn. Að nokkru leiti má fylla upp í eyður textans eftir handritum yngri afrita Þorláks sögu. Handritið er eitt margra sem gerð voru til lofs Þorláki helga dýrtingi alþýðunnar á Íslandi og gæslumanns veraldlegra eigna þjóðarinnar, rakið til Bergs Sökkasonar sem gat sér gott orð á 11. öld fyrir handritsgerð.⁸ Ólíkt Algorismusi er teningurinn ekki á síðustu síðu bókarinnar heldur á þeirri fyrstu og setur tóninn fyrir grafiska hönnun handritsins. Árni Magnússon fékk handritið í safn sitt frá Guðríði Gísladóttur (d. 1707), eiginkonu Þórðar Þorlákssonar Skálholtsbiskups (d. 1697). Guðríður var uppalin á sýslumannssetrinu Hlíðarenda í Fljótshlíð, fæðingarstað Þorláks Þorhallssonar biskups. Frá þjóðskjalasafni Danmerkur kom AM 382 4to aftur heim til Íslands 25. maí 1984.

Á fyrstu síðu AM 382 4to er lofkvæði um Þorlák í 24 línunum. Kvæðið er tvískipt, í upphafi þess er Þorlákur ávarpaður síðan er honum lýst með 72 lýsingarorðum með kommu á milli.⁹ Í 15 línu er Þorlákur ávarpaður aftur og kvæðið endar í 24 línu.

Vandað bókfellið var gert af kunnáttu og góðum efnum. Skorin stærð og textaflétir voru augljóslega hugsuð sem ein heild því svo virðist sem til grundvallar hönnuninni liggja tölvísi tenings í vísindum fornaldar. Svo virðist að á mótunarstigi bókarinnar, áður en skinnin voru skorin, hafi skipt meginmáli að rétt talin fjöldi lýsingarorðanna væri haldið til haga. „Layout“ bókarinnar, leturstærð, línulengd og línufjöldi var ákveðin með hliðsjón af þeim. Leturflötur er á efri vinstri helming hvernar síðu og skiptir þvermáli hennar í hlutföllum gullinsniðs með breiðri spássíu hægra megin. Mótun ljóðsins – sjálf lögung þess á síðunni, stafafjöldi og orðafjöldi, var megin atriði. Lýsingarorðin voru rituð þannig að þau fylla 14 línur og mynda ferning sem var jafn á hæð og breidd. Við hönnun leturflatar þar sem breidd línu samsvarar 14 línunum að hæð, þarf að huga að röð lýsingarorðanna, merkingu þeirra og stafafjölda og telja slögin. Í hverri línu eru mismörg orð, stafafjöldi hvernar línu er því mismunandi og myndar mismunandi bil að hægri brún leturflatar, því var síðasta orð hvernar línu skrifað þannig að síðasti stafurinn var slitin frá orðinu og færður að brún textaflatar, bilið sem myndaðist var síðan fyllt með skrauti. Þannig myndaði ljóðið jafnhliða ferning 72 lýsingarorða. Ferningurinn 72, er sama hugmynd og ferningur fullkominnar sköpunar Kabala speki, 72 72 72 (6 6 6) og táknaði teninginn 216. Í lofljóði Þorláks felst því fullkomin sköpun. Hönnun handritsins, *A Latin Panegyric for Saint Þorlákr in AM 382 4 to*, byggðist á ferningi lýsingarorðanna 72, –teningnum 216.¹⁰ Má því segja að Þorlákur sé persónugervingur teningsins, 216.

Eins og að ofan sagði virðist ferningur/hringur og hugtak tenings hafa verið mældur mjög nákvæmlega í miðju heimsmynda. Landmæling, staðsetning höfuðbóla, afstaða þeirra til höfuðátta og helstu himintungla innan afmarkaðra heimsmynda hafði þróast um mörg þúsund ára skeið í trúarbrögðum og var því orðið fastmótað við landnám Íslands. Hugtak teningsins tengdist hugmyndum Jarðarbókar er jarðnesk veröld manna

sameinast þeirri guðlegu á Helgafelli heimsmyndar. Holdgerfingar þessara hugmynda tengdust hugmynd tenings sterkum böndum. Persónur “tenings” fæddust á grunnlínu fernings/teningsins heimsmyndanna, eða dóu þar og alls staðar lutu þessar persónur sömu lögmálum. Frægasta myndgerð þessarar hugmyndar er hugsanlega Vitruvian maður Leonardo Da Vincis. Á Helgafelli verður samruni þess veraldlega og hinns guðlega, þar tengist afmarkaður heimur manna óendanlegum guði. Hugmyndina útfærðu Gyðingar þó best og eftirminnilegast í Jesú, syni ósýnilegs guðs í mynd manns sem fæðist að Helgafelli heimsmyndar Gyðinga í Palestínu, Betlehem.¹¹

Marble Arch í London er Helgafell í sambærilegri heimsmynd Thamesvalla. Þar fóru fram aftökur í margar aldir. Fyrsta skjalfesta aftakan fór þar fram árið 1196 þegar William Fitz Osbern var hengdur. Hann hafði notið líðhylli í þorpunum í kring um London fyrir að leiða baráttu gegn óhóflegri skattheimtu konungs. Á milli lína í þeirri frásögn eru upplýsingar um skatt sem bar að gjalda eða vera hengdur í hæsta gálga á Helgafelli Lundúna. Þar er teflt saman guðlegum/konunglegum, auði og jarðneskum. William og Hrói Höttur voru samherjar hugmyndafræðilega. Báðir vildu þeir færa auð konungs til fólksins báðir áttu sér hugmyndafræðilegan samastað á grunnlínu tenings heimsmynda, Vilhjálmur, í London, Hrói, í heimsmynd Kelta í Somerset.¹² Kirkjan San Lorenzo fuori le Mura er ein af elstu kirkjum Rómar, hún stendur á Monte Sacro, Helgafelli Rómar á Latiumvöllum, á sama stað og Jesú fæddist í heimsmynd Landsins helga, eins og að ofan sagði. Lorenzo var meðhjálpari þar þegar héraðsstjórinn gerði hann að gæslumanni yfir auði kirkjunnar sem fól í sér að standa yfirvöldum skil á skatti. Lorenzo kaus hins vegar að dreifa fjármunum kirkjunnar til fátækra, fyrir það kallaði hann yfir sig reiði keisarans og dæmdur til dauða og brenndur á grind. Lorenzo er einn af sjö fyrstu píslarvottum kristni. Kristnir menn jarðsettu hann á Helgafelli rómversku heimsmyndarinnar. Það var síður Rómverja aldirnar á eftir að bera látna ástvini þangað upp á hæðina til greftrunar svo þeir gætu hvílst nærri heilögum Lorenzo. Konstantín lét síðar reisa kirkju yfir gróf hans sem er uppistaða þeirrar kirkju sem enn stendur. Táknmynd Lorenzo er ferhyrndur flötur teinagrills sem hann var brenndur á. Ferningur í fylgd með heilögum Lorenzo, tákn „staðfestu og halds“¹³ miðjunnar, minnir á mældan ferning miðju heimsmynda hinna eldri trúarsíða sem útfærðir voru á þessum stað í heimsmynd Etruska á Latiumvöllum. Heilagur Lorenzo var verndari þess tákns í kristni. Ferningurinn 6 x 6 x 6 táknaði jörðina. Það er líkt og tákn fernings umbreyttist í jarðneskar eigur kirkjunnar sem gætt var af San Lorenzo. Sennilega eru hér á ferð kristin táknsaga þess er jarðnesk veröld manna sameinast þeirri guðlegu á Helgafelli heimsmyndar.*

Á miðöldum fór hróður heilags Lorenzos um víða veröld því vart er vandasamara viðfangsefni að fá til úrlausnar en að tengja hinn veraldlega heim manna, veröld guðs. Nútímafólki er tamt að ákalla guð til tryggingar veraldlegum eigum sínum, fulltrúi hans í þeirri deild er heilagur Lorenzo. Heilagur Lorenzo heitir Þorlákur helgi á íslensku. Á Þorláksmessu kaupum við varning helgaðan honum.

*Um hugmynd Helgafells og tenings í miðju heimsmynda í væntanlegri bók eftir höfund.

Tilvitnanir:

1. Pétur Halldórsson, STÆRÐ VERALDAR, Salka, Reykjavík, 2007, bls. 1. og bls. 104.
2. Guðbjörg Kristjánsdóttir MESSUFÖNG OG KIRKJU LIST. Húsfriðunarnefnd, 2004.
3. Bligh Bond and Lea, GEMATRIA, RILCO., 1977, bls. 4.
4. G.L. Hersey, PYTHAGOREAN PALACES, Cornell University, 1976, bls. 37.
5. Ragnar Geir Brynjólfsson, HELGIR MENN, Kaþólska kirkjan á Íslandi. Kirkjuvefubók Ragnars. 23.12.09.
6. Einar Pálsson, ÁS, Mímir, Reykjavík, 1976, k. 44.
7. Einar Pálsson, HAGALL, Mímir, Reykjavík, 1985, k. 35.
8. Susane M Fahn, Dept. of Scandinavian Studies, University of Wisconsin, Wisconsin USA. og Gottskálk Jensson, Háskóli Íslands, Reykjavík. Gripla XXI, 2010, THE FORGOTTEN POEM. A Latin Panegyric for Saint Þorlákur AM 382 4 to, bls. 52.
9. S.r. bls. 38.
10. Pétur Halldórsson, S.r., bls. 20 - 23.
11. Pétur Halldórsson, THE COSMIC IMAGE 216 IN THE HOLY LAND: <http://www.peturhalldorsson.com/papers.html>
12. Pétur Halldórsson, S.r., bls. 74.
13. Einar Pálsson, HAGALL, Mímir, Reykjavík, 1985, bls 171.